



Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur
Iceland

Garðabær, 28.3.2025

Málsnúmer: 202502-0039

LA

Efni: Efnistaka við Kópsvatn, Hrunamannahreppi. Breytinga á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Vísað er í bréf frá Hrunamannahreppi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 13. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Breytingin felur í sér að efnistökusvæðið E28 í landi Kópsvatns er stækkað úr 1,5 ha í 24 ha. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um aðalskipulagsbreytingar vegna efnistökusvæðisins. Stofnunin hefur áður skrifað umsagnir til sveitarfélagsins varðandi skipulagsbreytinga í tengslum við efnistökusvæðið við Kópsvatn, og í desember 2024 sendi stofnunin inn umsögn við [matsskyldufyrirspurn](#) Skipulagsstofnunar. Náttúrufræðistofnun telur að fyrri umsagnir um efnistöku við Kópsvatn standi enn fyrir sínu, en tekið hefur verið tillit til nokkurra ábendinga sem þar koma fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur